

## GJALDSKRÁ

### fyrir hafnir Múlaþings – Borgarfjarðarhöfn.

#### 1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Borgarfjarðarhöfn er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. I. Gjaldskráin er við það miðuð að höfnin geti haft tekjur til þess að standa undir rekstri sínum, sbr. 5. tölulið 3. gr. hafnalaga.

#### 2. gr.

Við ákvörðun gjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miðað við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælingarbréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykktina um mælingu skipa frá 1969.

#### 3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafna Múlaþings ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar:

*Lestargjöld:* Af öllum skipum skal greiða lestargjald, kr. 16,28 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

*Bryggjugjöld:* Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 8,66 á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja 12 tíma sem skip liggur bundið, hámark 26 sinnum í mánuði.

*Farþegagjöld:* Vegna farþega sem fluttir eru í land af farþegaskipum eða fluttir með skemmtibátum kr. 175 á farþega.

Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af bátum minni en 20 brt, mánaðargjald kr. 7.070,96.

Bátar styttri en 6 m greiði kr. 5.300 á mánuði.

*Önnur gjöld:* Landstöðugjald fyrir báta við bátahöfn er kr. 3.000 á mánuði.

Fyrir landtengingu rafmagns greiðist samkvæmt afdráttarmæli sem bátseigandi setur upp á sinn kostnað kr. 19,60/kWst.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafna Múlaþings vegna skipsins.

*Vörugjöld:* Vörugjald, kr. 352 fyrir hvert tonn, skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum innan takmarka hafnarinnar.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni.

*Aflagjöld:* Af öllum sjávarafla sem lagður er á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings skal greiða 1,6% af heildarverðmæti aflans.

Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarverði skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað.

Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafna Múlaþings þótt hann vanræki innheimtu þess.

*Vigtargjöld:* Samkvæmt taxa á útseldri vinnu. Kaupandi afls stendur skil á vigtargjöldum.

Greiða skal gjöldin á bankareikning hafna Múlaþings.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Borgarfjarðarhöfn var samþykkt af umhverfis- og framkvæmdaráði Múlaþings 16. desember 2020 með heimild í hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál

Nr. 1381

23. desember 2020

nr. 326/2004. Gjaldskráin öðlast gildi frá og með 1. janúar 2021 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 99/2016.

*Múlaþingi, 23. desember 2020.*

**Björn Ingimarsson** sveitarstjóri/hafnarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 29. desember 2020